

Heimastjórn fyrrum Barðastrandarhrepps og Rauðasandshrepps - 14 (22.1.2026) -
Samgönguáætlun 2026-2040

Málsnúmer	: 2512032
Málsaðili	: Innviðaráðuneytið
Niðurstaða (stutt)	:
Fundardagur	: 22.01.2026
Inngangur	: Samgönguáætlun 2026 - 2040 tillaga til þingsályktunar
Niðurstaða	: Heimastjórn fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshrepps leggur mikla áherslu á að á veginum um Raknadalshlíð í Patreksfirði verði gripið til sérstakra aðgerða til að verjast ofanflóðum og grjóthruni líkt og er ráðgert í drögum að samgönguáætlun á öðrum vegaköflum þar sem slík hætta er fyrir hendi. Nauðsynlegt er að finna framtíðarlausn til að tryggja öryggi á þessari leið þar sem á Raknadalshlíð er hætta á grjóthruni allt árið um kring og er ásamt Kleifaheiði farartálmi vegna snjóflóðahættu að vetri til. Skólabörn á Barðaströnd fara þessa leið alla skóladaga auk annarrar umferðar og því er gríðarlega mikilvægt að öryggi vegfarenda sem fara um Raknadalshlíð sé tryggt með öllum ráðum. Heimastjórn fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshrepps tekur þannig undir bókun heimastjórnar Patreksfjarðar frá 16. fundi hennar 07.01.2026 varðandi veginn um Raknadalshlíð í Patreksfirði. Heimastjórn fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshrepps beinir þeim tilmælum til bæjarstjórnar Vesturbyggðar að leggja þunga áherslu á nauðsyn þess að bæta öryggi vegfarenda um Raknadalshlíð sem allra fyrst og koma þeirri áherslu inn í drög að samgönguáætlun. Heimastjórn tekur undir bókun bæjarstjórnar frá 19. fundi þann 11.12.2025 þar sem því er fagnað að Suðurfjarðagöng, göng undir Mikladal og Hálf dán, séu meðal forgangsverkefna í drögum að samgönguáætlun. Heimastjórn fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshrepps bendir þó á að vegur um Kleifaheiði er ekki síður farartálmi stóran hluta ársins og um þann veg fer stór hluti umferðar inn og út af sunnanverðum Vestfjörðum. Tenging við Barðaströnd er því mikilvæg fyrir flesta íbúa svæðisins og flutninga inn og út af svæðinu. Heimastjórn fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshrepps leggur til við bæjarstjórn Vesturbyggðar að beita sér fyrir því að jarðgöng undir Kleifaheiði verði sett á lista yfir jarðgöng til síðari skoðunar í drögum að samgönguáætlun. Einnig má benda á möguleika á jarðgöngum undir Fossheiði milli Barðastrandar og Arnarfjarðar. Heimastjórn bendir á að vegur um Kleifaheiði liggur í um 400 m hæð og á köflum er þar snjóflóðahætta. Um þennan veg er skólabörnum af Barðaströnd ekið í skóla til Patreksfjarðar að vetri til og því nauðsynlegt að tryggja öruggar samgöngur þar sem allra best. Heimastjórn telur að umferðaröryggi og greiðar samgöngur um Kleifaheiði verði best tryggðar með jarðgöngum sem nauðsynlegt er að koma inn í samgönguáætlun sem allra fyrst. Heimastjórn fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshrepps leggur einnig áherslu á nauðsyn þess að auka fjármagn til Hafnarbótasjóðs til að unnt sé að standa straum af þeim mikla viðhaldskostnaði sem hafnir landsins standa frammi fyrir. Vesturbyggð rekur fjórar hafnir auk þess sem heimastjórn fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshrepps hefur lagt áherslu á nauðsyn þess að hafnaraðstaða í Örlýgshöfn verði lagfærð og ljóst er að viðhaldskostnaður hjá Höfnum Vesturbyggðar er mikill. Það er því nauðsynlegt að tryggja fjármagn til Hafnarbótasjóðs til að styðja við uppbyggingu og framkvæmdir í höfnum Vesturbyggðar þar sem þörfin er brýn. Samþykkt samhljóða